

ERINDISBRÉF

Verkefnahópur um aðkomu Akureyrarbæjar að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis

INNGANGUR:

Á fundi bæjarráðs 29. september 2016 var staðfest stofnun verkefnahóps um hugsanlega aðkomu Akureyrarbæjar að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sbr. ný Lög um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Markmið laganna er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda eða að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna. Lögin heimila ríki og sveitarfélögum að veita stofnframlag til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda.

HLUTVERK:

Hlutverk verkefnahópsins er að:

- vinna að greiningu á þörf fyrir leiguíbúðir í sveitarfélaginu
- gera húsnæðisáætlun þar sem fram kemur hvernig þörfinni verður best mætt
- gera tillögu um hvaða leiðir sveitarfélagið skuli fara í uppbyggingu almennra leiguíbúða
- móta reglur um stofnframlag sveitarfélagsins
- undirbúa umsókn um stofnframlag frá ríkinu
- móta tillögu um með hvaða hætti sérstökum húsnæðisstuðningi verður fyrirkomið – yfirfara reglur með hliðsjón af því
- skoða hvaða ákvarðanir þarf að taka vegna fyrirhugaðrar tilfærslu húsaleigubóta til ríkisins

LEIÐARLJÓÐS:

Verkefnahópurinn skal leitast við að skoða verkefnin frá sem flestum sjónarhornum þ.e. íbúa, sveitarfélagsins, annarra sveitarfélaga o.s.frv. Verkefnahópurinn skal hafa í huga að málið snertir viðkvæm og persónuleg mál íbúa sveitarfélagsins. Mikilvægt er að hópurinn hafi gott samráð við aðila sem vinna að rannsóknum á þróun húsnæðismála og þá aðila sem starfa að húsnæðismálum hvort sem er vegna uppbyggingar eða reksturs.

VERKEFNAHÓPINN SKIPA:

Dan J. Brynjarsson fjármálastjóri
Guðríður Friðriksdóttir framkvæmdastjóri Fasteigna Akureyrar
Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar
Halldóra Kristín Hauksdóttir fulltrúi í velferðarráði
Jón Hrói Finnsson framkvæmdastjóri búsetudeildar

TÍMARAMMI:

Verkefnahópurinn skal skila af sér til bæjarráðs fyrir 1. nóvember 2016.